

Bæjarstjórn Garðabæjar
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	21. 12. 2018
Málalykill	00. 10. 1
Mál nr.	1812242



20. desember 2018

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins (eftir sameiningu Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar í mars sl.) sækir hér með um 300.000 kr. styrk úr bæjarsjóði Garðabæjar til starfsemi sinnar.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar eru elstu aðildarfélag Krabbameinsfélags Íslands, stofnuð 1949 og Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins verður því 70 ára á næsta ári. Félagssvæðið nær yfir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ, Reykjavík og Seltjarnarnes. Helstu viðfangsefni félagsins eru fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir en félagið annast fræðslustarfsemi í umboði Krabbameinsfélags Íslands.

Sótt er um styrk til áframhaldandi fræðsluverkefna félagsins. Nokkur dæmi um þau eru nefnd hér að neðan:

1. Útgáfu- og fræðsluverkefni

Krabbameinsfélagið gefur út fræðslurit og heldur úti öflugri vefsíðu. Öllu almennu fræðsluefni félagsins er dreift ókeypis.

Norrænu krabbameinsfélögin vinna sameiginlega að átaki í sólarvörnum og eru með samstarfshóp í tóbaksvörnum.

Félagið vinnur náið með stuðningshópum Krabbameinsfélagsins Íslands að fræðslu- og útgáfumálum hópanna, með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins og tekur virkan þátt í átakmánuðum Krabbameinsfélagsins, Mottumars og Bleiku slaufunni.

2. Tóbaksvarnafræðsla og námskeið í reykbindindi

Það hefur verið forgangsverkefni Krabbameinsfélags Reykjavíkur í meira en sextíu ár að fræða um skaðsemi reykninga og annarrar tóbaksneyslu. Verulegur árangur á því sviði náðist með fræðslu til grunnskólanema en hún stóð hæst frá 1975 til 2004. Nú er félagið að vinna að fræðslu í skólum höfuðborgarsvæðisins um rafsígarettur. Rúmlega 90 manns frá skólum, félagsmiðstöðvum og heilsugæslum sóttu nýlega fræðslunámskeið um rafsígarettur hjá félaginu.

Félagið hefur frá árinu 1985 staðið fyrir námskeiðum til að hjálpa fólki að hætta að reykja og nota tóbak. Félagið býður starfsfólki vinnustaða upp á aðstoð við að hætta tóbaksnotkun, bæði með fræðslu og námskeiðum fyrir þá sem nota tóbak. Framhald verður einnig á okkar hefðbundnu reykbindindisnámskeiðum fyrir almenning og einstaklingshæfðri eftirfylgni. Í samstarfi við ýmis stéttarfélög bjóðum við upp á námskeið og aðstoð við félagsmenn stéttarfélaganna. Einnig erum við að vinna að því að greina og afmarka sérstaklega hópa sem sýna lakari stöðu en aðrir hvað varðar tóbaksnotkun og ná til þeirra hópa sem hér um ræðir með sértækum hætti. Þetta á meðal annars við um fólk af erlendum uppruna. Nýtt líf án tóbaks er nýtt fræðsluefni um hvernig hægt sé að nálgast ófrískar konur sem ekki tekst að hætta tóbaksneyslu á meðgöngu.

Að frátöldum styrkjum stendur félagið sjálf undir kostnaði við fræðslustarfið, einkum með rekstri happdrættis Krabbameinsfélagsins. Kostnaður við fræðslu félagsins var um 15 milljónir króna árið 2017. Mikilvægt er að félagið fái fjárstuðning við fræðslustarfsemi sína.

Í tilefni af sjötíu ára afmæli félagsins hefði það áhuga á að vera í öflugra sambandi við sveitarfélögin á félagssvæðinu og jafnvel fá að koma og kynna starfsemina.

Með bestu kveðjum og með von um góðar undirtektir,

f. h. Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri